



MA-60
Hátíðafaerð 2021



Aðdragandi og undirbúningur

Stúdentar frá Menntaskólanum á Akureyri 1960, sem haldið hafa hópinn undir forystu eilífðarnefndar höfðu ákveðið að heiðra Norðlenska skólann með nærveru sinni við skólaslit vorið 2020 og færa honum gjöf til þakklætis fyrir þau ár sem hann sem hann fóstaraði okkur og undirbjó fyrir lífið. Gjöfin hafði verið valin og ferð til Akureyrar skipulögð en Covid-19 í kom í veg fyrir að af yrði. Frestun um ár gekk ekki að heldur.

Ferðaáætlun

Kl. 10:50:	Mæting á BSÍ
Kl. 11:00:	Lagt af stað frá BSÍ
Kl. 11:50:	Gengið um “nýja” miðbæinn á Selfossi og farið þaðan á Bókakaffið. Þar verður kaffi og kruðeri og Bjarni Harðarson fræðir okkur um allt milli himins og jarðar í Flóanum og næstsveitis.
Kl. 13:20:	Lagt af stað frá Selfossi.
Kl. 13:55:	Komið í Skálholt og þar tekur á móti okkur Sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup og fræðir okkur um staðinn. Kyrrðarstund í Skálholtskirkju. Minnst látinna félaga. Helgi Hafliðason
Kl. 15:00:	Lagt af stað frá Skálholti.
Kl. 15:20:	Komið í Friðheima og þar verður hægt að skoða staðinn og kaupa kaffi og/eða fordrykk – vín, bjór eða aðra safu úr framleiðslu staðarins.
Kl. 16:45:	Lagt af stað frá Friðheimum.
Kl. 17:05:	Komið að Geysi, staðarskoðun.
Kl. 17:15:	Fataskipti og veisluförðun.
Kl. 17:45:	Sest að borðum og snæddur hátíðarkvöldverður með dagskrá, ávörp, frásagnir, ljóðalestur, söngur.
Kl. 20:45:	Lagt af stað heimleiðis.
Kl. 21:45:	Komið við í Hveragerði (salernisstopp)
Kl. 22:00:	Lagt af stað frá Hveragerði
Kl. 22:45:	Komið á BSÍ.

Varð því að ráði að leggja áætlanir um norðurferð til hliðar en afhenda skólanum gjöfina með öðrum hætti og að efna til hátíðarferðar sunnan fjalla. Jón Sigurðsson sem hafði veg og vanda af gerð gjafarinnar ásamt Akureyringum í hópnum heimsóttu skólann og afhentu skólameistara hana. Er nánar greint frá því í ávarpi sem Jón flutti í kvöldverðinum að Geysi í Haukadal.

Eftir ítarlega skoðun ferðakosta varð niðurstaðan að fara í dagsferð í uppsveitir Árnessýslu og halda hátíðarkvöldverð með dagskrá að Geysi í Haukadal. Var Helga, Indriða, Jóni, Nönnu Hermanson og Þresti falið að undirbúa ferðina og dagskrána

nánar. Hittist þau heima hjá Nönnu og luku störfum sínum í eindrægni og nutu góðra veitinga hjá henni.

Á mannamóti hópsins höfðu útlínur ferðar verið ákveðnar og verkefni hópsins var að fylla í eyðurnar, ákveða viðkomustaði, viðmælendur og dagskrá kvöldverðar. Niðurstaða hópsins var að heimsækja nýreistan “gamlan” miðbæ á Selfossi og hlýða svo á Bjarna Harðarson segja sögur af fólki í Flóa og Hreppum í bókakaffi hans. Næst yrði farið í Skálholt þar sem vígslubiskup Kristján Björnsson myndi fræða



Á undirbúningsfundi hjá Nönnu Hermansson

okkur um staðinn áður en haldið yrði að Friðheimum í Biskupstungum og ræktun tómata skoðuð hjá Knúti Ármann bónda á staðnum og notið drykkja og annarra veitinga úr þeim ávexti. Að þessum “fordrykk” loknum yrði haldið að Geysi þar sem hátíðarkvöldverður yrði snæddur. Eftir að niðurstöður hópsins höfðu verið kynntar væntanlegum þátttakendum án þess að athugasemdir bærust var gengið frá samkomulagi við viðkomustaði og viðmælendur og Teit hf. sem lagði til velbúinn eðalvagn til að flytja hópinn.

Selfoss

Á Selfossi var hrollköld norðanátt, allhvöss og fauk fólk fremur en gekk milli húsa í hinum nýja miðbæ. Gaf þar að sjá endurbyggt Mjólkurbú Flóamanna og



Þeir sem ólust upp í þoku á Seyðisfirði og þekkja gustinn í Grímsey létu norðangolu á Selfossi ekki fá á sig.

sem var vel þegið af vindbörðum gestum. Tókst honum að troða öllum í sæti í versluninni og hóf frásagnir af sjálfum sér og öðru merkilegu og skrítnu fólki sem þekkt er þar um sveitir og sumt víða um land. Fékk flutningur hans hinar bestu undirtektir þótt sumum þætti orðalag stundum óheflað og og efnisval á mörkum þess sem hæfilegt þykir nú til dags.

Að sögustundinni liðinni dvaldist ýmsum í bókabúðinni þar sem líta mátti fágætt safn bóka í umhverfi þar sem mönnum fannst þeir eiga heima í. Húsráðandinn er margfróður og þekkir víða til og var mönnum skrafrjúgt við hann í lokinn.

endurgerð fjölda bygginga sem áður höfðu staðið í þorpinu, í Reykjavík, á Akureyri og víðar. Húsin eru vel gerð og svæðið er skemmtileg minning um veröld sem var. Líklega mun þessi gamli miðbær batna með brú á Ölfusá og þjóðvegi norðan byggðarinnar. Þá verður unnt að tengja þennan nýgamla miðbæ þeim bæjarkjarna sem fyrir er.

Eftir húsaskoðun var hlaupið við fót að Bókakaffinu þar sem Bjarni Harðarson útgefandi, rithöfundur, bóksali, sagnþulur o.fl. tók á móti hópnum með kaffi og kruðeríi



Í bókakaffi á Selfossi með Bjarna Harðarsyni

Skálholt

Í Skálholti stóð séra Kristján Björnsson vígslubiskup á kirkjuhlaði og tók á móti hópnum. Faðir Kristjáns er bróðir Ágústs og Rannveigar barna séra Sigurðar á Möðruvöllum en þau voru bæði MA-ingar. Ágúst varð landsfrægur fyrir næturmessu sína á Möðruvöllum vorið 1958. Hafði hún miklar afleiðingar fyrir þá sem messuna sótti en minni fyrir aðra svo sem Indriða og Má sem af ungæðingshætti ákváðu að skrópa í fyrstu kennslustund dagsins eftir páskafrí. Fengu þeir óblíðar viðtökur hjá Þórarni meistara þegar þeir komu í skólann sem hlustaði ekki einu sinni á málsvörn þeirra, taldi þá líklega vera meðseka og vék þeim samstundis úr skóla. Gafst þeim svo tækifæri til að röлта niður á Hótel KEA í kaffi og ristað brauð. Síðar um daginn barst þeim orðsending frá meistara að þeim væru sýknir saka. Þótti þeim illt að hafa ekki fengið tækifæri til að gera skólameistar grein fyrir því að þeir hefðu verið að mótmæla broti á þeirri “hefð” að eftir páskafrí hæfist kennsla ekki fyrr en í öðrum tíma venjulegrar stundaskrár.



Séra Kristinn Björnsson fræðir hópinn um Skálholt

í endurnýjun og sú danska er í endursteypu. Eins sýndi hann og rakti sögu kirkjuklukku frá 12. öld sem hangir nú í Maríustúku í kirkjunni.

Áður en úr kirkju var haldið flutti Helgi Hafliðason tölu til að minnst þeirra bekkjarfélaga sem látnir eru og var þeim vottuð virðing með þagnarstund. Minningarorð Helga fylgja hér á eftir.

Að kirkjudvölinni lokinni var staðurinn skoðaður og gengið að aftökustað Jóns Arasonar og sona.

Hópurinn kann Kristjáni vígslubiskupi miklar þakkir fyrir hlýlegar móttökur og skemmtilegt og fræðandi erindi.

Í Skálholti leiddi klerkur gesti til kirkju. Þar sem hann taldi víst að svo forframaður hópur þekkti vel til alkunnrar sögu staðar og kirkju ákvað hann að sleppa þeim lestri en vék að ýmsum atriðum sem ekki eru jafn vel þekkt, m.a. sögu kirkjuklukknanna sem eru gjafir Norðurlandanna en eru nú illa farnar, m.a. sprakk sú þeirra sem Danir gáfu. Eru klukkurnar og umbúnaður þeirra



Helgi minnst genginna MA-60 félaga í Skálholtskirkju

Friðheimar

Í Friðheimum í Biskupstungu reka hjónin Knútur Rafn Ármann og Helena Hermundardóttir gróðrarstöð, veitingahús og hestabú. Þau keyptu staðinn árið 1995 að loknu námi í garðyrkjuskóla og landbúnaðarháskóla. Hafa þau síðan stækkað gróðurhúsin, byggt veitingaaðstöðu og sölubúð, hesthús og reiðvöll.

Knútur Rafn tók á móti hópnum, bauð upp á gómsæta ferska kokkteil-tómata, sýndi, gróðurhúsin, lýsti starfseminni og útlistað með glöggum hætti feril tómatarins frá því að plantan er sett upp í rótarkassa og fær þar næringu úr hreinu vatni með íblönduðum þeim efnum sem hún þarf til að vaxa og bera ávöxt. Til hjálpar eru nokkrir tugir býflugna sem stöðugt eru á ferðinni og sjá um frjóvgun blómanna.



Hlýtt á fræðslu Knúts Rafns um ræktun tómata



Þótt búið sé tæknivætt í besta máta er starfsemin vinnuaflsfrek og eru að jafnaði nokkrir tugir starfsmanna við tómataræktun, vinnslu og markaðssetningu svo og við veitingarekstur og aðra ferðaþjónustu sem verið hafði vaxandi hluti umsvifanna allt þar til veiran brá fæti fyrir aðsókn ferðamanna 2020 en mikið hafði ræst úr sumarið 2021 og ríkti hjartsýni um framhaldið. Í stað þess að segja upp starfsfólki í Covid-lægðinni hafði það verið nýtt til að tvöfalda framleiðslugetuna stöðvarinnar með byggingu nýs gróðurhúss með fullkomnust tækni í lýsingu og vinnslu.

Að kynningu lokinni nutu

gestir veitinga. Fram voru bornar Hearty Mary eða Healty Mary, drykkir úr tómatsafa, blandaðir gini eða ávaxtasafa eftir vild. Rann hvort tveggja ljúflega niður hjá gestum sem slöppuðu af á barnum í veitingahluta gróðurhússins. Að drykkju lokinni lagði hópurinn vel stemmdur af stað í síðasta áfangann að Geysi í Haukadal.



Hearty Mary notið á barnum í Friðheimum

Geysir í Haukadal

Lokamark ferðarinnar var Hótel Geysir þar sem haldinn skyldi kvöldverður með hátíðardagskrá til að minnast norðlenska skólans og dvalarinnar þar. Hótelið er í nýrri byggingu sem reist var í stað hinnar eldri en einungis gamli íþróttasalurinn frá tíð Sigurðar Greipssonar glímufrömuðar stendur sem setustofa í hótelmóttökunnar. Komið var tímanlega að hótelinu þrátt fyrir langan akstur og viðkomur á skemmtilegum og fræðandi stöðum. Má það þakka meðfæddri fótalipurð og hjarðhegðun sem áunnist hefur á löngum ferli hópsins. Í hótelinu biðu laun erfiðisins, fordrykkir í boði hússins sem neytt var meðan ferðalangarnir skiptust á um aðstöðu til að búast hátíðaklæðum.



Á tilsettum tíma var gengið til borðs í afsal hótelsins þar sem við hópurinn hafði frjálsar hendur og truflaði ekki aðra starfsemi í húsinu. Veislustjóri setti samkomuna, bauð gesti velkomna og kynnti dagskrána sem líta má hér til hliðar Fram voru bornar veitingar af Sælkeraseðli hússins.

Hátíðarkvöldverður MA 1960

5. október 2021, kl. 17:45 til 20:45

Hótel Geysir, Haukadal

Veislustjórn: Indriði H. Þorláksson

Undir borðum:

- I. Ávarp: 60 ára útskrift, gjöf til MA og afhending hennar, minni skólans. Jón Sigurðsson*
- II. Hvers vegna fór ég í MA. Nanna Hermansson o.fl.*
- III. Minnisstætt frá skóladögunum.*
- IV. Framtíðarsýn fyrri ára. Helgi Hafliðason*
- V. Tónlist, söngur og sögur: Unnur Malin Sigurðardóttir Örlygssonar Sigurðarsonar Guðmundssonar fyrsta skólameistara MA*

Sælkeraseðill

Rjómalöguð humarsúpa



*Grilluð bleikja á blómkálsmauki,
Hvertúnssalat með hverabrauði &
hnetum*

eða

*Lambarifjur, kartöflumosaík &
haustgrænmeti*



Tiramisu, bicuti, kaffi & mascarpone

Eftir forrættinn hófst dagskráin með að Jón Sigurðsson flutti minni skólans sem fylgir hér á eftir. Hann hafði fengið það hlutverk með fleirum að færa MA gjöfina frá stúdentum ársins 1960 sem var 100 fyrstu Lærdómsrit Hins íslenska bókmenntafélags. Sagði hann frá afhendingunni og rifjaði upp minningar um skólaárin, eftirminnilega lærifeður o.fl. og flutti skólanum þakkir hópsins. Vissulega getum við öll tekið undir góð orð Jóns um skólann okkar og kennara og þá eigind þeirra að miðla okkur fróðleik og þekkingu með þeim hætti að kveiktur var áhugi og opnaðar dyr að okkur áður óþekktum sviðum og menningarheimum hvort sem var grísk heimspeki, rómversk saga, frönsk menning og myndlist eða þýskar bókmenntir og skáldskapur. Vera má að þetta hlutverk menntunar hafi verið vanmetið og að hluta fórnað fyrir meinta framleiðniaukningu skólakerfisins.

Eftir aðalrættinn rifjaði Nanna Hermansson upp með skemmtilegum hætti hvað varð til þess að sænsk skólastúlka fór yfir land og sjó til að stunda nám við MA og blandaðist þeim hópi sem hér er með miklum ágætum og batt tryggð við hann, skólann okkar og landið sem haldist hefur allar götur síðan þrátt fyrir búsetu hennar í öðru landi. Varð frásögn hennar til þess að fleiri úr hópnum rifjuð upp hliðstæðar minningar eða sögðu frá minnisstæðum atburðum á skólaferli sínum. Frásögn Nönnu fylgir hér á eftir.

Helgi Hafliðason flutti pistil sem byggður var á hugarsýn hópsins um það leyti sem hann var að útskrifast þar sem lýst er framtíð hópsins ef hann sameinaðist um eins konar elliheimili MA-60.

Undir borðum gladdi góður gestur hópinn með hljóðfæraleik, söng og frásögnum. Var þar komin Unnur Malin Sigurðardóttir Örlygssonar Sigurðarsonar fyrsta skólameistara Menntaskólans á Akureyri. Flutti hún hópnum ljúfa djassskotna söngva milli þess að hún sagði hún frá ýmsum atvikum úr lífi afa sína Örlygs listmálara, bróður Steingríms lífskúnstners og fyrrum kennara okkar. Var gerður góður rómur að framgöngu Unnar, söng og frásögnum.

Að lokinni góðri skemmtan var það ánægður hópur sem hélt heim á leið.

Helgi Haflíðason

Til minningar gengnum MA-60 félögum

flutt í Skálholtskirkju 5. október 2021

Þegar við gengum út í sólskinið með stúdentshúfurnar fyrir meira en 60 árum höfðum við verið óþyrmilega minnt á að lífið er ekki sjálfgefið. Samt fannst okkur framtíðin óendanlega löng og full af spennandi viðburðum og verkefnum sem við ætluðum að takast á við.

Nú er sú framtíð liðin. Við lítum til baka, ekki síst þegar góðir félagar hverfa úr hópnum. Horfum við þá gjarnan til skólaáranna sem mótuðu okkur meira en við gerðum okkur grein fyrir á þeim tíma.

Við söknum þeirra sem gengnir eru og á hugann leita minningar um þá og um þær góðu stundir sem við höfum átt saman og gleðjumst yfir því að hafa fundið vináttu okkar og væntumþykju hvert til annars vaxa.

Ég ætla ekki að telja upp nöfn þeirra 17 sem horfnir eru úr hópnum. Blessuð sé minning þeirra og við skulum hafa einnar mínútu þögn og hugsa til þeirra, hver með sínum hætti.

Jón Sigurðsson

Minni skólans flutt í hátíðarkvöldverði MA 1960

5. október 2021 í Hótel Geysi, Haukadal.

Af ástæðum sem þekkjum öll vafðist það fyrir okkur í hálf tveim árum eða lengur að ákveða hvar, hvenær og hvernig við ættum að halda upp á 60 ára stúdentsafmæli MA-árgangsins 1960. Og nú erum við hér stödd – þökk sé Indriða – einmitt í þeim erindum.

Við stöndum öll í mikilli þakkarskuld við Eilífðarnefndina alla og sérstaklega Helga Hafliðason fyrir að hafa haldið Mannamótum MA60 gangandi öll þessi ár og ekki síst fyrir að hafa vakið þau úr Covid-dvala á síðast liðnu vori, þegar boðað var til Mannamóts 20. maí eftir 15 mánaða hlé á slíkum fundahöldum. Á þeim fundi var tvennt ákveðið: a) að efna ekki til hópferðar norður til að vera við brautskráningu stúdenta 17. júní og b) að færa skólanum að gjöf safn 100 fyrstu Lærdómsrita Bókmenntafélagsins í tilefni af 60 ára stúdentsafmælinu. Með skyldi fylgja gjafabréf til MA og verður hver bók í gjöfinni merkt árganginum MA60.

Í samráði við eilífðarnefndina var mér – sem bjóst við að verða með annan fótinn fyrir Norðan um sumarið – svo falið ásamt Akureyringum í okkar hópi, þeim Guðmundi Guðlaugssyni og Ásmundi Jónssyni, að afhenda Jóni Máí Héðinssyni, skólameistara, gjöfina í húsakynnum skólans fyrir hönd árgangsins við fyrsta hentugt tækifæri. Það tækifæri gafst svo 6. ágúst sl. og þá tók skólameistari á móti okkur og gjöfinni í gamla skólahúsinu í glampanni sólskinu og blíðu. Hann tók með mikilli ánægju við gjöfinni og kvaðst mundu gera grein fyrir henni í ræðu sinni við skólasetningu í upphafi skólaárs. Hann hét því einnig að Lærdómsritunum yrði fundinn viðeigandi staður í bókasafni skólans í Möðruvallahúsinu.

Nokkur orð um Lærdómsritin. Hið íslenska bókmenntafélag hóf útgáfu bókaflokksins árið 1970 og hefur haldið útgáfunni áfram í hálfa öld til þessa dags. Í flokknum eru sígild fræðirit, tímamótaverk í sögu mannlegra hugsunar og fræðileg rit frá síðari tímum sem þykja framúrskarandi góð. Í honum birtast fyrst og fremst fræðirit en einnig fræg skáldskaparrit, full af djúpri lífsspeki sem eru því í eðli sínu **lærdómsrit**, í bestu merkingu orðsins. Á fyrsta ári bókaflokksins 1970 komu út fimm rit: *Frelsið* eftir John Stuart Mill, *Um sálgreiningu* eftir Sigmund Freud, *Iðnriki okkar daga* eftir John Kenneth Galbraith, *Valdstjórn og vísindi* eftir Charles Percy Snow og *Afstæðiskenningin* eftir Albert Einstein. Valið á þessum fimm ritum til útgáfu í upphafi – og þeim 95 sem á eftir hafa fylgt – sýnir glöggst hversu vítt svið ritröðin spannar, enda var þeim fimm fyrstu ætlað að marka útgáfustefnu flokksins.

Með bókagjöfinni viljum við votta skólanum virðingu okkar og þakklæti fyrir fræðslu og lærdóm sem hann veitti okkur á menntaskólaárunum.

Eins og jafnan fyrr var notalegt að koma inn í þetta gamla, fallega og hlýlega skólahús sem virðist vera í góðu viðhaldi, enda voru iðnaðarmenn að störfum við viðgerðir og endurbætur í skólastofunum á fyrstu hæð þegar okkur bar að garði. Auðvitað hvarflaði hugurinn, heillavinir góðir, heim til okkar daga í skólanum á árunum 1956 til 1960 sem er árabilið sem markar tíma okkar flestra í MA.

Maður getur ekki annað en dáðst að því hversu öflugt þetta fámenna skólasamfélag í MA var á þessum árum. Nemendur í menntaskólanum voru aðeins á bilinu 250 til 300 á þessum árum. Fastakennar voru yfirleitt 12 þetta árabíl og stundakennarar 10 eða 12.

Skólinn hafði þá mikið kennaralán – að ekki sé minnst á skólameistaralán. Þórarinn Björnsson skólameistari var kennari með fágætum afburðum eins og margir hafa borið um vitni. En hæfileikar hans voru víðfeðmari en kennslan ein. Honum var vel lagið að vekja og glæða skilningsgleði nemenda og rækta hið jákvæða viðhorf sem veitir mönnum kunnáttu til að njóta máttarkenndar gagnvart námsefninu. Þessa eiginleika mátti reyndar líka greina hjá mörgum öðrum kennurum sem störfuðu við MA á þessum árum. Einkum verða íslenskukennararnir minnisstæðir. Það eru forréttindi að hafa fengið að njóta íslenskukennslu Brynjólfs Sveinssonar, Árna Kristjánssonar og Gísla Jónssonar. Brynjólfi Sveinssyni tókst í þriðja bekk að gera skáldhetjuna Egil Skallagrímsson að spennandi viðfangsefni fyrir 15-16 ára unglinga. Staða íslenskunnar í MA var afar sterk enda var það kenning skólameistara að íslensk tunga væri okkar dýrasti þjóðarauður.

Af kennurum MA í erlendum tungumálum á þessum árum nefni ég, auk Þórarins Björnssonar sjálfs, aðeins Friðrik Þorvaldsson og Vernharð Þorsteinsson sem voru hvor með sínum hætti ágætir lærifeður. Með skólameistara í fararbroddi tókst þeim að hefja kennsluna yfir málfræðistagl og fræða nemendur frjállega og kynna fyrir þeim margvíslegar bókmenntir bæði íslenskar og erlendar og vestræn menningar- og fræðahugtök sem hverjum vel menntuðum manni er nauðsyn að kynnast. Þannig varð MA menntaskóli í þess orðs eiginlegu merkingu og menningarvígi á Norðurlandi.

Raungreinakennarar skólans á þessum árum voru jafn öflugir og áhugavekjandi hver á sínu sviði eins og tungumálakennararnir. Ég nefni Steindór Steindórsson, Jón Hafstein Jónsson og Skarphéðin Pálmason sem vöndu okkur við akademískar kröfur í náminu. Við getum öll borið því vitni að MA stóð sig vel á þessum árum í því að búa fólk undir háskólanám hvar sem var í veröldinni. Þar réðu víðsýnir og góðir stjórnendur og stöðugur og samhentur kennarahópur miklu.

En skólasamfélagið var annað og meira en námið eitt og sér – svo gott sem það var. Það er magnað að rifja upp hversu fjölbreytt félagsstarfsemi fór fram innan skólans. Ætli fjöldi nemendafélaga sem störfuðu þá innan MA hafi ekki verið nálægt 10 á þessum árum, auk þess sem málfundafélagið *Huginn* gaf út skólablaðið *Munin*. Ég nefni aðeins fáein þeirra: *Íþróttafélagið* sem skipulagði og sá um framkvæmd á fjölda móta á hverju ári þar sem einstaklingar og bekkir kepptu í ýmsum greinum íþróttar, hver við annan innbyrðis en stundum með þátttakendum utan skólans. Leikfélagið, sem á hverju ári stóð fyrir leiksýningum – með nemendur sem leikendur og starfsmenn við framkvæmd sýninganna. Fengnir voru að reyndir leikstjórar, oft frá «stóru» leikhúsunum í Reykjavík til, að stjórna uppsetningunum. Listhneigðir og handlagnir nemendur tóku líka þátt í leikmyndagerð. Á okkar tímabili var sviðið fyrir leiksýningar MA fyrst og fremst í leikhúsi Leikfélags Akureyrar, en einnig var á þeim árum farið með hina árlegu leiksýningu MA á svið í nágrannasveitarfélögum. Ég get líka nefnt Fálmu, félag áhugaljósmyndara í MA, skákfélagið og bridgefélagið. Þessi mikla félagsvirkni hafði náttúrulega í för með sér miklar annir fyrir þátttakendur í öllum þessum félagsstörfum – einatt svo miklar að það hlaut stundum að koma niður á

náminu. En auðvitað fólst í þessari félagsvirkni reynsla og þekking sem menn nutu síðar á ævinni eins og bóknámsins.

Kennararnir voru margir mjög örlátir á sinn tíma til að styðja félagsstarf nemenda og eiga miklar þakkir skildar fyrir það. Ég nefni t.d. óeigingjarnt starf Árna Kristjánssonar fyrir leikfélagið sem ég kynntist vel.

Mér er líka minnisstætt hversu áhugavert og gefandi það var að starfa með nemendum úr öðrum bekkjum á þessum félagsvettvangi MA. Það var einstaklega skemmtilegt að sitja með Hirti Pálssyni, Jóni Einarssyni og Jónu Burgess í ritnefnd Munins undir ritstjórn Halldórs Blöndal veturinn 1958–59.

Það var ekki bara skylda ritnefndarmanna að safna efni í blaðið frá öðrum heldur var til þess ætlast að ritnefndarmenn leggðu sjálfir til efni í Munin – helst birtingarhæft. Blaðið hélt út reglulegum lausavísnaþætti. Og hvort sem menn voru hagamæltir eða ekki urðu þeir að leggja til lausavísur – sem því miður lágu ekki alltaf á lausu. Halldór Blöndal heldur reyndar ennþá út lausavísnaþætti – en nú í Morgunblaðinu. Halldór var og er allra manna bragfróðastur og kann – og kunni þá þegar – skil á fjölbreytilegum bragarháttum lausavísna.

Í síðasta lausavísnaþætti Munins vorið 1959, þegar ég var varla orðinn 18 ára, átti ég þar þessar línur:

Ég hef komið víða við og vörður hlaðið,

hillir undir hinsta vaðið.

Halldóri fanst þetta nokkuð laglega kveðið og fræddi mig á því að bragarhátturinn hét *afhending*, sem ég hafði auðvitað alls ekki haft hugmynd um.

Ungum mönnum liggur oft mikið á að verða fullorðnir, jafnvel aldraðir – eins og afhendingin mín sýnir. Hún hefði sennilega átt betur við áttæðan mann en átján ára. En allt var þetta glens og grín í okkar huga. Vísan var þó greinilega undir áhrifum frá ungskáldinu Hannesi Péturssyni sem þá var átrúnaðargoð skólaskáldanna í MA. *Kvæðabók* hans sem kom út 1956 var okkar biblíja.

MA var á þessum árum í meira mæli landsskóli en síðar varð. Nemendur komu af öllum landshornum. Flestir þó eðlilega af Norðurlandi, Vestfjörðum og Austurlandi enda var öðrum menntaskólum ekki til að dreifa á þessum árum – öðrum en Reykjavíkurskóla eða Laugavatnsskóla. Þessi mikla dreifing á landfræðilegum uppruna nemendanna gaf skólanum sérstakan blæ sem gaf honum einstakt hlutverk í bæjarlífinu á Akureyri. Þetta er nú allt mikið breytt. Fjöldi framhaldsskóla og jafnvel skóla á háskólastigi starfar nú í öllum landshlutum.

En minningar okkar um MA sem helsta menningarvígi á Norðurlandi – og þótt víðar væri leitað – lifa með okkur alla tíð.

Við látum nú hugann reika til yndislegra æskudaga innan veggja skólans í hópi skólasystkina og kennara. Við eigum MA mikið að þakka ekki síst þau vinabönd - og fyrir sum okkar reyndar ástarbönd – sem þar voru hnýtt. Allt þetta þökkum við nú. Má ég biðja ykkur að lyfta með mér glasi til að drekka minni Menntaskólans á Akureyri.

Megi hann lengi lifa og vel dafna

Nanna Stefanía Hermansson

Hvers vegna fór ég í MA.

Flutt í hátíðarkvöldverði MA 1960

5. október 2021 í Hótel Geysi, Haukadal.

Góðir skólafélagar

Mig langar mikið til að segja ykkur frá atviki sem hefur glatt mig lengi. Ég sit suður í Stokkhólmi ásamt Pétri manni mínum og við erum alsæl með að annar sonur okkar, Stefán Gorm, skuli vera búsettur á Akureyri eftir mörg ár í Bretlandi.

Eitt kvöldið hringir dóttir hans, Nína, 13 ára, sem býr í Reykjavík, og hún segist vera með verkefni sem þurfi að skila í skóla sama kvöld og er með spurningar til mín.

Nína spyr:

Í hvaða skóla varstu í þegar þú varst á mínum aldri. - Jú, ég var í stelpuskóla, Högre allmänna läroverket för flickor i Helsingborg.

Hvað margir voru í bekk? - Við vorum bara 23 því þetta var tilraunabekkur, átti að styttu gagnfræðaskólan úr þremur árum í tvö.

En þú fórst til Íslands? -Jú, ég eignaðist vinkonu, Brittu, og þegar við vorum komnar í þriðja bekk menntaskólans með latínu, frönsku, þýsku og ensku sótti hún um að fara sem skiptinemi til Ameríku. Ég gat ekki hugsað mér að vera þarna án hennar, fannst ég vera innilokuð. Oft hefur komið í huga mér hvernig ég stóð í ganginum og horfði út, gegnum fúnkisglugga með sprossum úr járn, og sá fólk ganga framhjá. Ég hugsaði þar gengur frjáls manneskja.

Mamma mín, uppalin á Sauðárkróki, fékk að fara í gagnfræðaskóla MA og hún skrifaði Þórarni skólameistara til að spyrja hvort ég mætti koma. Jú, við höfum sent svo marga til Svíþjóðar, svaraði hann.

Sumarið 1958 var ég fimmtán ára og kom með Gullfossi og vann á hótelinu á Kirkjubæjarklaustri til að eiga fyrir skólanum. Þar lenti ég meðal annars á hræðilegu sveitaballi í Meðallandinu. Ekki veit ég hvað Indriði Þorláksson man, en við sátum sofandi saman aftast í einhverjum bíl á leiðinni til baka.

Svo fór ég norður í rútu og fannst leiðin ótrúlega falleg, og finnst enn. Stelpurnar, Iðunn Steinsdóttir og Sillý, Sigurlaug Kristjánsdóttir, Stína, Kristín Gísladóttir og Nanna Bjarnadóttir voru í heimavistinni. Þær tóku mér ákaflega vel. Auðvitað var þetta allt spennandi fyrir mig sem hjá þeim var gamalkunnugt. Stína varð herbergisfélagi minn og kenndi mér margt, þó að ég ætti erfitt með að sofna við útvarp og ekki kjafta að morgni.

Vegna þess að ég hafði verið í málakennslu fékk ég að byrja í fimmta bekk, en ég var illa undirbúin, hafði aldrei lesið bók á íslensku. Enda ætlaði ég bara að vera einn vetur. Skólahúsið var svo gamalt og notalegt, mynd af mömmu var þarna á skólaspjaldi á vegg í ganginum mér til styrktar. Andinn var allt annar en í Helsingborg og kennarar vingjarnlegir á allt annan hátt. Ekki voru stelpur heldur að mála sig milli tíma eins og í stelpuskólanum úti. Strákarnir voru bara strákar, þó alveg væri hægt að verða skotin í þeim. Þá kunni ég vel að meta félagslífið og hefur fundist að það kenndi okkur margt, eins og það að hægt er að keyra um bæinn til að fá lánaðar teskeiðar og og skila þeim jafnmörgum eftir veislu.

Nína spyr: *Hvernig var maturinn?* -Í Svíþjóð var hann ekkert sérstakur, en við borðuðum mikið af hrökkbrauði með smjörlíki. En í MA var hann ótrúlega góður. Eini vandinn var súra slátrið með morgungrautnum. Ef ég borðaði það ekki heyrðist í görnunum um ellefuleytið.

Oft hef ég hugsað til upplestrarfrísins, sem ég hafði aldrei áður heyrt um, sem reyndist gagnlegt sem æfing undir síðari próf. Þegar kennarar buðu mér um vorið að koma aftur "svo gerum við þig að stúdent með hinum" var það kostaboð. Enda er ég þeim, eins og ykkur öllum, þakklát.

Nína, barnabarnið, var með 19 spurningar á blaði, en eftir 40 mínútna símtal sagði hún að ég væri þegar búin að svara þeim öllum.

Nú er ósk mín að Nína eigi eftir að fara norður í MA og eiga þar eins góða daga og ég.

Nanna Stefanía Hermansson

PS Indriði, hvaða bíll var þetta annars 1958?

IHB. Þetta mun hafa verið eftir ball í Félagsheimilinu í Efri-Ey í Meðallandi eða í Hrífunesi í Skaftártungu. (Fæðingarstaður Kjarvals.) Brúarvinnuflokkurinn minn var að byggja brú á Eldvatn á mörkum Landbrots og Meðallands og lágum við við á Klaustri.

Bíllinn var líklega blár Renault 4CV (með framdyrnar opnuðust aftur) sem bróðursonur brúarsmiðsins átti. Hann var vanur að keyra okkur á böll og sækja drykkjarföng á pósthúsið í Vík eða til landabriggara í Skaftártungu og Mýrdal.

Helgi Haflíðason

Elliheimili MA – hugmyndir að lausnum

flutt í hátíðarkvöldverði MA 1960

5. október 2021 í Hótel Geysi, Haukadal.

Fyrir nokkru var mér falið af nefnd á vegum Heilbrigðisráðuneytisins að leita nýrra leiða í þjónustu við eldri borgara og gera tillögur að heimili sem gæti hentað þeim betur en margt annað sem í boði er. Þetta er eitt skemmtilegasta verkefni sem mér hefur verið falið og samstarfið við nefndina hefur leitt til hugmynda um ýmsar nýjungar sem ég mun gera grein fyrir hér á eftir.

Skipulag heimilisins er að hluta til byggt á rannsóknum á heppilegum aðbúnaði fyrir aldraða í Danmörku og víðar. Þar hefur reynslan sýnt að heppilegt sé að byggja nokkurs konar klasa af litlum íbúðum (nettóstærð 46 m²) ásamt sameiginlegu rými þar sem félagsþörfinni er fullnægt með ýmsu móti. Rannsóknir hafa leitt í ljós að það hefur góð áhrif á líðan fólks þegar það stjórnar heimilishaldinu sjálft og annast ýmislegt í daglegum rekstri. Ekki er þó um íþyngjandi störf að ræða, t.d. getur það verið hluti af líkamsrækt að taka til hendinni við algeng heimilisstörf, strjúka yfir gólfín, þurrka af, skipta um sængurföt, o.fl. sem getur jafnframt sparað heilmikið í rekstrinum.

Lóðin er nokkuð stór og er gert ráð fyrir möguleikum á ræktun matjurta og húsdýrahaldi frá hæsnnum upp í hesta. Eru þetta nokkur búdrýgindi. Samkvæmt þjónustusamningi við Hlíð verður mestallur þvottur sendur þangað og aðeins er þörf fyrir lítið þvottaherbergi á heimilinu fyrir silki, ull og annan viðkvæman fatnað. Þar verður líka aðstaða til að strauja og hef ég tekið mið af straukompunum í heimavistinni. Daglegar máltíðir koma frá Hlíð og þar af leiðandi þarf eldhúsið ekki að vera stórt en það verður með fullkomnum búnaði fyrir eldun á allskyns sælkeramat og getur heimilisfólk sýnt listir sínar í eldhúsinu og útbúið máltíðir fyrir heimilið og verður maturinn frá Hlíð afpakkaður þegar svo ber undir. Gert er ráð fyrir litlum bar í setustofunni og er barborðið þannig gert að þegar hluti af því er dreginn fram og snúið lítið eitt verður úr því nokkurs konar prédikunarstóll til nota við ýmsar hátíðlegar athafnir

Íbúðirnar hverfast um innigarð sem skiptist í þrjá hluta, svæði með gróðri, garðstólum, stóru borði og útigrilli, afskermaður pallur með heitum potti sem tengist gufubaði hússins og þar á milli verður vermireitur með alls konar kryddjurtum.

Vegna þess hve mikið sparast í gólfflatarmáli við þjónustusamninginn við Hlíð, verður 1. áfangi hússins aðeins um 700 m² og byggingarkostnaður um 210 milljónir. Er þá miðað við hús fyrir 10 - 20 manns í 10 íbúðum og er hver íbúð gerð fyrir einstakling eða hjón. Þetta þýðir að heildarkostnaður verður aðeins um 21 milljón á íbúð.

Ég ætla ekki að þreyta ykkur á því að lýsa þessu nánar en get þó ekki stillt mig um að nefna nokkur atriði sem teljast til nýjunga á heimilum sem þessum. Í fyrsta lagi hefur þörfin fyrir geymslurými verið stórlega vanmetin og lendir fólk oft í vandræðum með húsgögn og aðra muni sem ekki rúmast á nýja heimilinu en erfitt er að ráðstafa með skömmum fyrirvara þegar fólk flytur inn. Í húsinu verða því góðar geymslur fyrir

slíka muni og ef fólk vill koma þeim í verð þá er í hópnum þekking og reynsla í viðskiptum með forngripi sem gæti leitt til líflegra viðskipta. Einnig verða geymslur þar sem geyma má eðalvín við kjörhitastig og enn fremur vel einangruð geymsla fyrir illa lyktandi mat, svo sem hákarl, siginn fisk og annað slíkt.

Svo eru loks tvær byltingarkenndar nýjungar sem settar verða upp á heimilinu á lokastigi þróunarferils þeirra en tilraunir hafa staðið yfir að undanfögnu sem hafa gefið góða raun. Það hefði verið gaman að geta sýnt ykkur myndir og teikningar af þessu en vegna umsókna um einkaleyfi er ekki heimilt að sýna þær opinberlega. Ég get lýst þeim lauslega. Sú fyrri er tiltölulega einfaldur búnaður til bakþvottar og verður tengdur sturtum á baði og samanstendur hann af tveimur lóðréttum stöngum sem festar eru á vegg. Milli þeirra verður hæfilega breitt snúanlegt kefli með mjúkum burstum og rennur það upp og niður eftir stöngunum. Þetta er ekki ólíkt þeim búnaði sem notaður er á bílaþvottastöðvum og er búnaður þessi knúinn með vatnsrennsli sturtunnar. Þróun hans er á lokastigi og hefur að mestu farið fram í Háskólanum í Reykjavík með stuðningi frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Hin nýjungin hefur verið prófuð við Chalmers Tekniska Högskola í Gautaborg. Við Maggý vorum þar fyrir nokkrum vikum og skoðuðum þennan búnað og lofar hann svo góðu að vonir standa til að hægt verði að setja hann upp á hótelum, gististöðum, elliheimilum og jafnvel í hverju hjónaherbergi. Þetta er langur og mjór stokkur, festur neðan á loft í svefnherbergi. Úr þessum stokk má renna niður tjaldi eða gardínu úr tvöföldum dúk, ofnum úr sérstöku efni. Hann fellur því niður eftir endilöngu hjónarúminu og dregur verulega úr hrotuhljóði sem iðulega heldur vöku fyrir fólki. Tilraunir sýna að með þessu fer hljóðstyrkurinn niður í um 16-18% af upphaflegum styrk þannig að hin verstu hrotuhljóð hljóma eins og ljúfur, svæfandi ölduniður og á þessi búnaður eftir að auka umtalsvert svefngæði þeirra sem eru svo heppnir að hafa hann.

Samið hefur verið um að þessar nýjunga verði á heimilinu til reynslu og njóti heimilið hluta þess ágóða sem skapast þegar búnaðurinn verður seldur á almennum markaði.

Þeir sem vilja geta fengið teikningar í tölvupósti.

Hátíðarkvöldverður MA 1960
5. október 2021 í Hótel Geysi, Haukadal.

Gestalisti

<i>Eymundur Runólfsson</i>	<i>Álfhildur Erlendsdóttir</i>
<i>Helgi Haflíðason</i>	<i>Margrét Erlendsdóttir</i>
<i>Iðunn Steinsdóttir</i>	
<i>Indriði H. Þorláksson</i>	
<i>Jón Sigurðsson</i>	<i>Laufey Þorbjarnardóttir</i>
<i>Jónína Guðmundsdóttir</i>	<i>Sveinbjörn Matthíasson</i>
<i>Kristín Gísladóttir</i>	
<i>Margrét Guðný Þórisdóttir</i>	<i>Hörður Gunnarsson</i>
<i>Nanna Stefanæia Hermansson</i>	
<i>Sígfús Erlingsson</i>	<i>Soíli Hellman-Erlingsson</i>
<i>Sigríður J. Hannesdóttir</i>	
<i>Sævar Vigfússon</i>	<i>Ragna Kemp</i>
<i>Sveinn Jóhannson</i>	<i>Guðrún Baldursdóttir</i>
<i>Þorleifur Pálsson</i>	
<i>Pröstur Ólafsson</i>	